

Fundur 6.1.2025 Þorsteinn Guðjónsson.

Góða kvöldið, komið þið sæl gömlu félagar og vinir.

Og allt of langt síðan ég hef talað við ykkur, gamall formaður ykkar Þorsteinn Guðjónsson.

*Sæll vertu. Blessaður Þorsteinn.*

Já komið þið sæl og ég óska ykkur farsældar á nýju ári, eins og venja er, eins og við höfðum vana á, á gamla Íslandi og víðar.

Ætla ég ekki að trufla sambandið lengi, enda margir sem bíða, en gamli biskupinn og stöðin hans hefur verið með virkni og vorum við nálægt því að ná fundi fyrir viku síðan, en tókst það ekki alveg á síðustu stundu urðu þar truflanir af þeirra völdum og voru ýmsir vonsviknir að komast ekki í sambandið.

En einnig er eins og talað var um hér á undan, heilsufarsleg ógn af þessum helstefnu samböndum, og komst þar slíkt samband í gegn hjá ykkur áður og varð ekki við það ráðið, enda eru stöðvar þær sem senda út slíkt, einnig að finna víða og verður ekki að fullu við það ráðið.

En höfum hér saman sett góðan stillihóp og vonum að allt gangi samkvæmt áætlun sem við höfum ráðgert og í gegn komist allt saman góð lífstefnu sambönd.

Bið ég nú að heilsa ykkur og ættingjum mínum sérstaklega og þér frændi og biður þú að heilsa þeim.

*Takk fyrir og skilaðu kærri kveðju til Eiríks.*

Já ég geri það veri þið sælir.

*Vertu blessaður Þorsteinn.*

Sæl og blessuð. Takk fyrir.